

# SKÓLASTEFNA HRUNAMANNAHREPPS 2023–2030



**Umhyggja • Umhverfi • Virðing • Vitneskja**

Menntun og nám barna er eitt mikilvægasta hlutverk hvers samfélags. Allir geta verið sammála um að í hverju barni býr fjársjóður og ómetanlegir möguleikar sem þarf að rækta á markvissan og fjölbreyttan hátt. Í öllu skólastarfi er mikilvægt að nemendur fái hvatningu og stuðning til að taka farsælar ákvarðanir um eigið líf og öðlast hæfni til að standa jafnfætis öðrum börnum.

Nauðsynlegt er að öll börn verði undirbúin undir líf og starf í fjölbreyttu, fjölþjóðlegu samfélagi þar sem virðing fyrir sjálfum sér og öðrum er höfð að leiðarljósi ásamt sjálfbærni og víðtækri umhverfisvitund. Þessar áherslur eru mikilvægar um leið og börn og ungmenni læra að bera virðingu fyrir nærsamfélaginu, náttúrunni og þeirri sérstöðu sem fjölbreytt umhverfi gefur skólasamfélaginu.

Í heimi síbreytilegrar framtíðar er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að nemendur séu sem best undirbúnir fyrir þær áskoranir sem framtíðin ber í skauti sér og enginn getur séð fyrir. Í þeirri skólastefnu sem hér er lögð fram er lögð áhersla á einstaklingsmiðun náms og viðfangsefni sem nýtast nemendum í framtíðinni. Má þar nefna nýsköpun, tjáningu, framkomu og fjármála- og upplýsingalæsi svo fátt eitt sé nefnt.

Öll börn skulu eiga kost á gæðastarfi og vönduðum starfsháttum í skólum og öðrum stofnunum sveitarfélagsins. Sérstaklega verði hlúð að námi barna sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.

Í skólastefnu Hrunamannahrepps er lögð áhersla á samstarf sem nær til allra hagsmunaaðila í skólasamfélaginu með uppbyggingu lærdómssamfélags í skólunum að leiðarljósi.

Skólanefnd Hrunamannahrepps hóf endurskoðun skólastefnu sveitarfélagsins á vormánuðum 2023. Hefur sú vinna sem þá hófst verið bæði skemmtileg og gagnleg.



Með nýrri skólastefnu er lagður grunnur að menntun barna sem á að tryggja að þau verði fær um að stunda frekara nám og tekið þátt í samfélaginu þannig að þau geti í framtíðinni átt farsælt lífshlaup.

Skólastjórnendur, kennarar, starfsfólk skólanna og annarra stofnanna sem koma að námi og uppeldi barna eru í lykilhlutverki við innleiðingu og framkvæmd stefnunnar. Stuðningur sveitarfélagsins er síðan ein af meginforsendum þess að vel takist til

Við viljum þakka öllum þeim sem komu að mótun á þessari stefnu og sérstaklega viljum við þakka vinnuhópnum og Ingvari Sigurgeirssyni sem bar hitann og þungann af þessari vinnu.

*Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri  
Katrín Þorvaldsdóttir, formaður skólanefndar*



## INNGANGUR

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og grunnskóla nr. 91/2008 er sveitarfélögum lögð sú skylda á herðar að setja skólum sínum almenna stefnu um starfið. Í Aðalnámskrá grunnskóla er lögð áhersla á að skólastefnan taki mið af aðstæðum á hverjum stað og þeim áherslum sem sveitarfélög vilja hafa að leiðarljósi.

Víðtækt samráð hefur verið um mótun þessarar skólastefnu. Í stýrihópi um verkefnið sátu sveitarstjóri, formaður skólanefndar, stjórnendur skólanna og fulltrúar starfsfólks og foreldra, ásamt ráðgjöfum. Matsfundir voru haldnir með grunnskólanemendum, starfsfólki skólanna, auk íbúafundar. Á fundunum var leitast við að leggja mat á skólastarfið, ræða sterkar hliðar þess og hvað brýnast sé að bæta, afmarka sóknarfæri og leggja drög að þeim áherslum sem æskilegt er að horfa til. Sú skólastefna, sem hér er sett fram, byggir á þeim viðhorfum sem fram komu á fundunum. Þá var litið til niðurstaðna kannana sem gerðar hafa verið á viðhorfum nemenda, sem og til umræðna þeirra á barnaþingi sem haldið var í desember 2022.

Skólastefnunni er ætlað að vera sáttmáli samfélagsins um þróun skólastarfsins á næstu árum og mikilvægt er að hún sé lifandi tæki í stöðugri endurskoðun.

Mat stýrihópsins er að eftirfarandi viðfangsefni séu brýnust til að efla skólastarfið:

- Aukin áhersla á einstaklingsmiðað nám og farsæld nemenda.
- Að laða fagmenntað starfsfólk að skólunum og að bæta starfsaðstæður þar.
- Að tryggja opin og lýðræðisleg samskipti í skólunum.
- Aukin gagnvirk tengsl við nærsamfélag og heimili.
- Aukin áhersla á verkefnamiðað nám, einkum á unglingastigi.
- Skólahúsin verði endurhönnuð og áætlun gerð um endurnýjun skólahúsgagna.
- Aukin samvinna kennara, starfsþróun, teymisvinna og teymiskennsla.

Sérstaklega þarf að skoða þau sóknarfæri sem felast í sameiningu leik- og grunnskóla á forsendum beggja skólastiganna.

## NÁM OG UPPELDI

### Einstaklingsmiðað nám – Umhverfismennt – Menntun til framtíðar – Sköpun – Farsæld

- Gengið verði lengra í einstaklingsmiðun náms, m.a. með því að hafa nemendur og foreldra meira með í ráðum, efla ábyrgð nemenda á náminu, auknu vali, áhugasviðsverkefnum, einstaklingsnámskrám og fjölbreyttari námsúræðum þegar við á.
- Útikennsla, grenndarkennsla og umhverfismennt verði eflað enn frekar með fleiri vettvangsferðum, heimsóknum í fyrirtæki, á sveitabæi, söfn og sögustaði, með náttúruskoðun, ræktun og umhverfisverndarverkefnum, þar með talið sameiginlegum verkefnum beggja skóla.
- Aukin áhersla á viðfangsefni sem nýtast nemendum í framtíðinni, s.s. nýsköpun, tjáning og framkoma, lífsleikni, félagsfærni, fjármála- og upplýsingalæsi, sem og á starfskynningar og starfsnám.
- Starfsfólk skólanna komi sér saman um uppeldis- stefnu og verkferla varðandi agamál, einelti og samskipti.
- Tónlist og hreyfing verði eflað.
- Þess sé gætt að list- og verkgreinar fái gott rými í skólastarfinu og þær einnig samþætta bóknaði.
- Nemendur fái á hverju ári mörg tækifæri til þess að fást við fjölbreytt, skapandi viðfangsefni; einir, í samvinnu og í aldursblönduðum hópum.
- Sérstaklega verði hlúð að námi barna sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.
- Skoðaðir verði möguleikar á að bjóða nemendum á unglingsstigi að taka framhaldsskólaáfangi.
- Unnið verði faglega að innleiðingu farsældarlaganna með áherslu á snemmtæka íhlutun, heilsu og geðrækt.

## HEIMILI OG SKÓLI

### Gagnkvæm virðing – Jákvæð viðhorf - Samábyrgð

- Skipulega verði unnið að því að efla samstarf heimila og skóla og virkja foreldra til þátttöku í námi barnanna. Sérstaklega verði horft til þess að ná betur til erlendra foreldra.
- Kynning á skólastarfinu verði aukin og unnið að því að skapa jákvæð viðhorf og auka virðingu gagnvart skólastarfinu með því að gera skólastarfið sýnilegra. Þá verði farsældarlögin og Barnasáttmálinn kynnt sérstaklega.





## MANNAUÐUR, SAMSTARF OG STARFSÞRÓUN

### Fagmennska – Teymisvinna – Samstarf

- Hugmyndafræðin um skóla sem lifandi lærdóms-samfélag verði leiðarljós í starfinu.
- Leita þarf allra leiða til að fá fleiri fagmenntaða starfsmenn að leikskólanum.
- Unnið verði að því að jafna stöðu kynja í starfsmannahópunum.
- Tryggja þarf aðgang starfsfólks í leikskólanum að öflugri leikskólaráðgjöf.
- Teymisvinna verði aukin og teymiskennsla innleidd í samráði við kennara.
- Mótaðar verði skýrar starfslýsingar.
- Samstarf á milli skólanna verði eftt og samlegðar- og samnýtingarmöguleikar skoðaðir og nýttir.
- Starfsfólk skólanna hafi frumkvæði að því að efla samstarf við skóla í nágrennasveitarfélögum, m.a. um starfsþróun og símenntun, menntabúðir, sameiginlega viðburði fyrir nemendur og valgreinar.
- Erlendu samstarfi, sem nýtist í námi og kennslu, verði viðhaldið.
- Handbækur fyrir nýtt starfsfólk verði uppfærðar.

## UMHVERFI OG AÐSTAÐA

### Sveigjanleiki – Aðlaðandi náms- og starfsumhverfi – Gott aðgengi

- Unnið verði að endurnýjun og endurhönnun skólahúsanna í samráði við nemendur og starfsfólk.
  - Skólahúsgögn í Flúðaskóla verði endurnýjuð og námsumhverfi fært til nútímahorfs með sveigjanleika að leiðarljósi.
  - Sérstaklega verði hugað að námsumhverfi á unglingastigi.
  - Starfsfólki Undralands verði tryggð aðstaða til undirbúnings og hvíldar.
- Unnið verði að því að aðgengismál verði eins og best verður á kosið.
- Komið verði til móts við óskir nemenda og starfsfólks um endurnýjum útileiksvæða.
- Tryggja þarf góða aðstöðu og aðbúnað í Skólaseli.
- Útikennsluaðstaða verði bætt og þess gætt að hún nýtist báðum skólunum.

## TÓMSTUNDA- OG FRÍSTUNDASTARF

### Fjölbreytni – Samráð – Hreyfing – Gleði

- Dagskrá félagsmiðstöðvar verði endurskoðuð í samráði við nemendur og forvarnarstarf eftl.
- Skoðað verði hvernig nýta má íþróttahúsið betur með kennslumöguleika í huga.
- Unnið verði að því að efla samstarf milli félagsmiðstöðvar (og við aðrar félagsmiðstöðvar), skóla og íþróttastarfs, foreldra og unglinda deildar björgunarsveitarinnar.
- Átak verði gert til að virkja fleiri unglinda í félags- og íþróttastarfi, sérstaklega unglinda af erlendum uppruna.



## VIRK SKÓLASTEFNA

### Stöðug þróun – Ígrundun – Framsækni

- Skólarnir endurskoða skólanámskrár og starfsáætlanir með hliðsjón af skólastefnunni.
- Skólanefnd fylgist með innleiðingu skólastefnunnar og efnir til skólabings annað hvert ár þar sem staða innleiðingarinnar er metin og endurskoðuð eftir því sem þörf er á.

